

82. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 2. apríl 2007 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, Hafdís Bjarnadóttir, Gunnar Svanlaugsson, Sigrún Þórsteinsdóttir, Elín G. Pálsdóttir, Einar Gunnarsson, Bjarnrís Emilsdóttir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Leikskólinn er kominn af stað í Grænfánavinnu af fullum krafti og komnir eru tveir endurvinnslukassar sem þegar er byrjað að nota. Einnig er verið að flokka pappír og safna í endurvinnslu. Markmiðin eru að minnka sorp og minnka pappír-snotkun. Vistvæn þvottaefni hafa verið notuð sl. tvö ár ásamt því að skráð hefur verið niður öll innkaup á pappír og hreinsiefnum í 2-3 ár. Stefnt er að því að sækja um Grænfánann í vor eða sumar og eru allir spenntir þátttakendur í þessari vinnu.

Opið hús verður í leikskólanum 19. apríl.

Starfsdagur verður 20. apríl. Þá verður farið í áfallateymisvinnu, skólanámsskrá og áframhaldandi Grænfánavinnu.

Laugardaginn 19. maí kemur Margrét Pála og heldur fyrirlestur um Hjallastefnuna sem er mjög merkileg fyrir margt m.a. nytjastefnuna.

Ömmu og afadagurinn tókst mjög vel og mættu fullt af ömmum og öfum og voru allir mjög ánægðir með þann dag.

Starfið gengur annars mjög vel og hefur verið bryddað upp á ýmsum nýjungum sem ekki var hægt að framkvæma í gamla leikskólanum svo sem hreyfistundum, meiri útveru og nýju skipulagi í tengslum við afmælishald sem nú er einu sinni í mánuði. Almenn ánægja ríkir með þetta skipulag.

Einnig er nýtt í tengslum við skólastund að Ásta Valdís Guðmundsdóttir kemur inn í skólastund og leggur inn grunnþætti Davis-námstækninnar hjá elstu nemendum og þau kannast því við það ferli þegar komið er upp í grunnskólann.

Elísabet L. Björgvinsdóttir sótti málþing um tónlistarnám barna frá 1-6 ára ásamt Jóhönnu Guðmundsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla og komu út úr því hugmyndir um aukna samvinnu sem eru mjög spennandi.

Umræður hafa komið upp um að opna leikskólann fyrr á morgnana og frá 10. apríl verður boðið upp á að leikskólinn opnar 7.40 á morgnana en það hefur sýnt sig að þörf er fyrir hendi fyrir þessa auknu opnun.

Formaður spurði nánar út í takmörkun á pappír-snotkun og áfallateymisvinnu. Skólastjóri svaraði því til hvernig pappír-snotkunin mun breytast ásamt því að útskýra hvað felst í áfallateymisvinnunni.

Fram kom ánægja með breytt skipulag á afmælisfyrirkomulagi.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Innra starf skólans:

Starfsmannaviðtöl eru langt komin hjá almennu starfsfólki og hafin hjá kennurum. Ekki eru fyrirsjáanlegar miklar breytingar á starfsmannahaldi fyrir utan að Gunnar Gunnarsson og Ágústína Guðmundsdóttir koma úr námsleyfi og Sesselja Konráðsdóttir afleysingakennari hverfur til annarra starfa.

Comeniusarverkefnið er í fullum gangi og verður nánar greint frá því á næsta fundi.

Sameiginlegur starfsdagur skólanna á Nesinu er 20. apríl nk. Þá verður sameiginlegt námskeið að morgni í skólanum svo fara af stað faggreinafundir og endað verður á sameiginlegri kaffistund og spjalli.

Undirbúningur skólaloka og næsta skólaárs kemur í framhaldi af skólaviðtölum og ferð til Bandaríkjanna sl. haust. Á næsta ári verður um enn frekari samvinnu að ræða á milli grunnskóla og tónlistarskóla. Undirbúningsvinnu næsta skólaárs miðar annars mjög vel.

Starf nemenda:

Upplstrarkeppni 7. bekkjar er nýafstaðin. Þrír nemendur héðan fóru í úrslitakeppnina og unnu þau 1., 2. og 3. verðlaun sem má teljast frábær árangur hjá skólanum hér. Þessir nemendur sáu um kynningu á árshátíð yngri nemenda og munu heimsækja yngri bekki eftir páska.

Skíðaferð nemenda til Dalvíkur er afstaðin og tókst hún vel. Þjónusta og aðbúnaður góður og verður áfram stefnt til Dalvíkur næstu ár.

Árshátíð grunnskólans er afstaðin og gekk hún vel bæði hjá yngri og eldri bekkjum.

Skólastjóri dreifði kynningarriti um Grunnskólann í Stykkishólmi og starfið sem þar fer fram.

Orðið var gefið laust um skýrslu skólastjóra.

Hamingjuóskir komu fram um þennan frábæra árangur í upplestrarkeppninni.

Einnig kom fram ánægja með árshátíð yngri bekkja sem fór vel fram í alla staði.

Formaður lýsti einnig ánægju sinni með frábæran árangur nemenda héðan í upplestrarkeppninni. Hann lýsti einnig ánægju sinni með væntanlega komu Margrétar Pálu og fyrirlestur hennar um Hjallastefnuna og hvatti fólk til að mæta.

Umræður voru um aukna innlög varðandi lestur í leikskólanum ásamt innlögum á erlendum tungumálum í leikskólanum, hvort að það sé eitthvað sem hefur komið til tals innan skólans. Málin rædd stuttlega.

2. Skólastefna Stykkishólmsbæjar, staða mála og næstu skref.

Formaður dreifði yfirliti um fyrstu skref skólastefnu Stykkishólmsbæjar og kynnti málið fyrir fundarmönnum og gaf orðið laust.

Í skólastefnu kemur vinnan sem fer fram í grunnskólanum, tónlistarskólanum og væntanlega í leikskólanum.

Skólastjóri grunnskólans gerði grein fyrir því að undirbúningur sé í gangi hjá stjórnendum skólans og fagnaði því að þessi vinna sé komin í farveg.

Málin rædd. Þessi vinna mun taka mið af því hvernig húsnaði við viljum byggja yfir starfsemi grunnskóla og tónlistarskóla. Skólastefnan verður lifandi skjal sem þarf að vera í sífældri endurskoðun í takt við tíðarandann hverju sinni.

3. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18.02.
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).